

Aðalfundur

Veiðifélagið Flóki

Dags.: 31.05.2025

Staður: Ketilás

Mættir fyrir hönd lögbýla:

Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka í Skagafirði
Samkvæmt ÚRSKURÐI frá 2. febrúar 2015

Aðalfundur
31.5.2025

Arðskrá	Eingar	Hluttur	Umboð fyrir lögbýli
Ysti-Mór	1672	16.7%	Stefán Logi Haraldsson
Mið-Mór	410	4.1%	Guðmundur Óli Pálsson
Syðsti-Mór	407	4.1%	
Sjöundarstaðir	344	3.4%	Erla Signý Lúðvíksdóttir
Steinhóll	139	1.4%	
Vestari-Hóll	162	1.6%	
Sigríðarstaðir	752	7.5%	Skapti Þór Runólfsson
Nes	113	1.1%	Skapti Þór Runólfsson
Neskot	281	2.8%	Össur Willard
			Anna Guðrún Þórhallsdóttir (í gegnum Zoom)
Illugastaðir	454	4.5%	Össur Willard
Krakavellir	339	3.4%	Þorsteinn Fr. Guðmundsson
Steinavellir	148	1.5%	
Helgustaðir	264	2.6%	
Austari-Hóll	744	7.4%	Þórir Jón Ásmundsson
Teigar	103	1.0%	
Stóru-Reykir	304	3.0%	
Minni-Reykir	261	2.6%	
Barð	275	2.8%	
Akrar	562	5.6%	
Langhús	849	8.5%	
Efra-Haganes 1	419	4.2%	Páll Marvín Jónsson
Efra-Haganes 2	559	5.6%	Dagbjört Sigurbergisdóttir
Brautarholt	139	1.4%	
Sveitarfélagið			
Skagafjörður	300	3.0%	
	10000	100%	
Mætt fyrir 12 lögbýli		62,2%	einingar

Aðrir mættir: Gyða Jónsdóttir og Eva S. Káradóttir frá Haganesi I, Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá Illugastöðum (var viðstödd í gegnum fjarfundabúnað).

Formaður lagði fram tillögu um að Páll Marvín færi með fundarstjórn og að fundarritun annaðist Stefán Logi og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri staðfesti lögmæti fundarboðsins. Engar athugasemdir komu fram og fundurinn var settur.

Handwritten signature/initials in blue ink.

1. Mál. Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi þann 20. maí 2024 voru kjörnir í stjórn: Páll Marvin Jónsson (kosinn til þriggja ára 2024), Kristófer Orri Hlynsson (kosinn til þriggja ára 2023) og Anna Guðrún Þórhallsdóttir (kosinn til þriggja ára 2024). Í varastjórn voru kosin: Stefán Logi Haraldsson, Þórir Jón Ásmundsson og Erla Lúðvíksdóttir.

Leigusamningar við leigutaka vatnasvæðisins voru framlengdir að nýju til tveggja ára eða fyrir árin 2025 og 2026. Vegna dræmrar veiði og mikilla hækkana var ákveðið að tengja leigufjárhæðina þessi tvö ár ekki við vísitöluhækkana líkt og undanfarin ár. Leigufjárhæðirnar pr. ár eru 2.330.000 fyrir efra svæðið og 3.010.000 fyrir neðra svæðið.

Rekstur félagsins var með hefðbundnu sniði eins og fyrri ár. Engin mál komu upp á síðasta ári varðandi brot á veiðireglum og samvinna við landeigendur var mjög góð og fyrir það ber að þakka.

Á árinu 2024 var bleikjuveiði á efra svæði 252 stk (2023:355stk.) og 1 lax veiddist (2023:1stk. hnúðlax), enginn urriði var skráður í veiðibók. Á neðra svæði veiddust 11 laxar (2023:5stk), 225 bleikjur (2023:216stk) og 226 urriðar (2023:217stk). Enginn hnúðlax veiddist (6 stk hnúðlaxar veiddust 2023).

Rekstrartekjur námu kr. 5.480.064. Hagnaður af rekstri félagsins var kr. 4.688.587. Eigið fé nam í árslok kr. 4.910.109.

Greiddur var út arður af hagnaði 2023 sem nam 4,4 milljónir en ekki reyndist unnt að greiða út 41.353 kr.

Veiðivarsla var í höndum Núma Jónssonar. Númi tilkynnti stjórn að hann myndi ekki taka að sér veiðivörslu á næsta ár. Stjórn þakkar Núma fyrir samstarfið og vel unnin störf á undanförunum árum.

Stjórn félagsins þakkar landeigendum, leigutökum og veiðiverði fyrir gott og farsælt samstarf á liðnu ári.

2. Mál. Ársreikningar 2023

Formaður fór yfir ársreikning en heildar tekjur voru kr. 5.480.064 og heildar gjöld á árinu voru 791,477. Hagnaður af rekstri félagsins var því kr. 4.688.587 og eigið fé nam í árslok kr. 4.910.109. Útgreiddur arður til landeigenda vegna ársins 2023 var 4.358.647.-

3. Mál. Arðgreiðslur

Samþykkt arðgreiðsla: 4,4 milljónir. Tillaga stjórnar er að arðgreiðslur verði óbreyttar frá síðasta ár eða 4,4 milljónir.

Mál. Kosning stjórnar

Stjórn gerði eftirfarandi tillögu að nýrri stjórn:

- Páll Marvin Jónsson, Hagnes I Efra (**formaður**)
- Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Illugastaðir (**stjórnarmaður**)
- Arnþrúður Heimisdóttir, Langhúsum (**stjórnarmaður**)

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða, stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

PMO
GHT

Mál. Kosning varastjórnar

Tillaga um fulltrúa í varastjórn er:

- Stefán Logi Haraldsson, Ysti-Mór (*varamaður*)
- Þórir Jón Ásmundsson, Helgustaðir (*varamaður*)
- Erla Signý Lúðvíksdóttir, Sjöundastaðir (*varamaður*)

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Mál. Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn lagði fram tillögu um að skoðunarmenn frá síðasta ári væru endurkjörnir, Guðmundur Óli Pálsson og Rúnar Marteinnsson ásamt Dagbjörtu Sigurbergsdóttir til vara. Tillagan var samþykkt samhljóma.

5. Mál. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum

6. Mál. Ráðning veiðivarðar

- Kristófer Orri Hlynsson og Sara Sandholt samþykkt sem nýir veiðiverðir.
- Greiðslur veiðivörslu hækkaðar í 600 þúsund.

Þar sem að Númi Jónsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til að annast veiðivörslu hefur fráfaramandi stjórn unnið að því að finna aðila í verkefnið. Stefán Logi upplýsti fundinn um að Kristófer Orri Hlynsson og Sara Sandholt séu tilbúin að taka að sér veiðivörslu og hefur stjórn samþykkt að gera samkomulag um það og fela Stefáni Loga og formanni að fylgja málinu eftir og ganga frá samningi. Óskaði stjórn eftir samþykki aðalfundar um að hækka greiðslur vegna veiðivörslu í 600 þúsund kr. yfir tímabilið. Var það samþykkt samhljóma.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til að ganga frá aðalfundargerð

Fundi slitið klukkan 14:30 - Ketilás, 31. maí 2025

Páll Marvin Jónsson, fundarstjóri

Stefán Logi Haraldsson, fundaritari